

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 30. mars 2007 í máli nr. S-21/2007:

Ákærvaldið

(Einar Laxness fulltrúi)

gegn

Kristjáni Ragnari Mássyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 19. mars 2007, er höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 15. janúar 2007, á hendur Kristjáni Ragnari Mássyni, [...], Kirkjustræti 2, Reykjavík, fyrir umferðarlagabrot með því að hafa ekið bifreiðinni UB-304, fimmtudaginn 31. ágúst 2006 undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 1,52 prómill) um Vatnagarða í Reykjavík.

Er þetta talið varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997.

Hinn 1. mars sl. var sakamálið nr. 263/2007 sameinað þessu máli en þar er höfðað mál á hendur ákærða með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 20. febrúar 2007, fyrir gripdeild, með því að hafa laugardaginn 6. september 2006 í versluninni Intersport, Bíldshöfða 20, Reykjavík, farið í buxur og peysu, samtals að verðmæti kr. 16.680,-, og hlaupið á brott án þess að greiða fyrir fatnaðinn.

Er þetta talið varða við 245. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993, 2. gr. laga nr. 23/1998, 8. gr. laga nr. 84/2004 og 18. gr. laga nr. 66/2006.

Verjandi ákærða krefst þess að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákæra dagsett 15. janúar 2007. Umferðarlagabrot.

I.

Hinn 31. ágúst 2006 veittu lögreglumenn eftirtekt bifreiðinni UB-304 þar sem henni var ekið vestur Vatnagarða. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu, sem staðfest var fyrir dómi, var ákveðið að hafa afskipti af bifreiðinni og hún stöðvuð við gatnamót Kleppsgarða og Sægarða. Lögreglumaður hefði rætt við ökumann, ákærða, sem kvaðst aðeins tala ensku og fóru öll samskipti fram á því tungumáli. Þegar ákærði hefði stigið út úr bifreiðinni hafi hann verið reikull í spori og óskýr í máli og af honum lagt sterka áfengislykt. Var ákærði látinn blása í mæli og hafi hann blásið ófullnægjandi, 0,6 prómill. Var ákærði handtekinn vegna gruns um ölvun við akstur. Ákærða var kynnt réttarstaða hans en vegna ástands hans virtist lögreglumönnum sem hann hefði ekki skilið réttarstöðu sína. Ákærði var færður í lögreglubifreið á lögreglustöðina við Hverfisgötu.

Í frumskýrslu segir að í lögreglubifreiðinni hefði ákærði æst sig og byrjað að sparka í sæti. Hefði lögreglumaður þurft að sitja með honum í aftursæti. Ákærði hafi verið færður fyrir varðstjóra, sem hefði ákveðið að vista ákærða sökum ástands hans. Ákærði hefði virst óviðræðuhæfur og í mjög annarlegu ástandi. Hafi hann látið sig detta af stól í fangamóttöku. Hefði hann verið færður í fangaklefa og handjárn tekin af honum, auk þess sem honum var fært teppi. Eftir stutta stund hefði lögreglumaður séð í gegnum lúgu á fangaklefa að ákærði hefði tvíbundið teppið um hálsinn á sér og verið blár í framan. Teppið hafi því verið tekið af ákærða og hann færður úr öllum fötum svo hann myndi ekki skaða sjálfan sig. Eftir það hefði lögreglumaður tekið eftir því að ákærði hefði bitið gat á dýnu og byrjað að tæta hana í sundur. Því hefði dýnan verið tekin af honum. Eftir að hafa verið færður úr fötunum hefði ákærði byrjað að skalla vegg og gólf fangaklefa svo myndast hefði skurður og kúla á enni hans. Tveir lögreglumenn hefðu neyðst til að taka ákærða tókum og færa hann aftur í handjárn sökum æsings. Ákærði haldi því fram að lögregla hafi veitt honum þessa áverka. Ákærða hafi verið haldið í tókum þar til Björn Gunnlaugsson læknir hafi komið og dregið úr ákærða blóð klukkan 20.05. Hafi þurft að halda ákærða í tókum meðan það var gert sökum æsings hans. Þá hefði lögreglumaður ráðfært sig við lækinn og sú ákvörðun tekin að hringja í frænku ákærða, Evu. Hafi hún sagt ákærða vera haldinn geðhvarfasýki og þegar hann drykki með lyfjum sínum ætti hann það til að æsast. Ákærði var látinn laus kl. 21.30 og kom Eva og sótti hann. Ekki reyndist unnt að taka skýrslu af ákærða sökum ástands hans.

Samkvæmt niðurstöðum blóðrannsóknar mældist magn alkóhóls í blóði ákærða 1,52 prómill.

Tekin var lögregluskýrsla af ákærða 30. október 2006. Þar segir að ákærði hafi ekki viðurkennt að hafa verið undir áhrifum áfengis er hann hafi verið stöðvaður á bifreiðinni UB-304 í Vatnagörðum í Reykjavík 31. ágúst 2006. Ákærði hefði sagst lítið muna eftir þessu vegna mikilla lyfja sem hann hafi þurft að taka, sem og vegna höfuðhöggs sem hann hefði fengið í vörslu lögreglunnar. Ákærði kvaðst ekki muna eftir að hafa ekið í Vatnagörðum umrætt sinn, líklega vegna áverka sem hann hefði hlotið í vörslu lögreglunnar. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis þennan dag og ekki fundið til áfengisáhrifa. Hann hefði ekki drukkið áfengi

eftir að akstri lauk. Ákærði kvaðst ekki gera sér grein fyrir hvað niðurstaða blóðrannsóknar táknaði og vildi ekki tjá sig um hana. Ákærði sagði lýsingu í frumskýrslu lögreglu á hegðun hans vera ranga. Eftir að lögreglumaður hefði spurt ákærða hvort hann talaði íslenski, en ákærði eingöngu sagst tala ensku, hefði lögreglumaðurinn tekið sig hálstaki. Ákærði kvaðst hafa verið handjárnaður á vettvangi og handjárnin verið fest svo þétt um úlnliði sína að hann hefði misst alla tilfinningu í höndunum. Á lögreglustöðinni kvaðst ákærði hafa verið klæddur úr öllum fötunum og niðurlægður og gys gert af líkamshlutum hans.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var af Ásmundi Jónssyni lögreglumanni vegna málsins 1. desember 2006, kvaðst hann hafa verið á vakt umrætt sinn, ásamt Nielsi P. Dungal lögreglumanni. Hefðu þeir ekið vestur Vatnagarða og veitt athygli bifreiðinni UB-304, sem var ekið á undan þeim. Ökumanni hefði verið gefið stöðvunarmerki og hann stöðvað bifreiðina. Lögreglumaðurinn kvaðst hafa gengið að bifreiðinni og rætt við ökumann en ökumaðurinn hefði byrjað á að tala ensku. Honum hefði þó virst sem ökumaðurinn skildi þegar talað var til hans á íslensku. Ásmundur sagðist hafa fundið áfengislykt af ökumanninum og hann virst vera í annarlegu ástandi. Ökumaðurinn hafi því verið beðinn um að koma yfir í lögreglubifreiðina og verið látinn blása í öndunarmæli. Hefði mælingin verið yfir 0,5 prómilli og ökumaðurinn handtekinn og færður í handjárn. Í lögreglubifreiðinni hefði ökumaðurinn æst sig. Hann hefði verið fluttur á lögreglustöðina þar sem blóðsýni var tekið úr honum.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var af Nielsi Páli Dungal lögreglumanni sama dag, kvaðst hann hafa verið á vakt umrætt sinn ásamt Ásmundi Jónssyni lögreglumanni. Hefðu þeir ekið vestur Vatnagarða og veitt athygli bifreiðinni UB-304, sem ekið hefði verið á undan þeim. Hefðu þeir ákveðið að kanna ástand ökumanns vegna undarlegs aksturslags hans. Þeir hefðu gefið stöðvunarmerki og ökumaður stöðvað við gatnamót Kleppsgarða og Sægarða. Lögreglumaðurinn kvaðst hafa setið kyrr í lögreglubifreiðinni meðan hinn lögreglumaðurinn ræddi við ökumanninn. Þegar ökumaðurinn hefði stigið út úr bifreiðinni sagðist Niels hafa farið út úr lögreglubifreiðinni og gengið til hans og Ásmundar. Hefði hann heyrt að samræður þeirra fóru fram á ensku. Ökumaðurinn hefði verið beðinn um skilríki en hann ekki viljað framvísa þeim og þá verið beðinn um að blása í öndunarsýnamæli. Hefði hann gert það. Blásturinn hefði ekki verið fullnægjandi en ökumaðurinn samt verið yfir mörkum. Ökumanninum hefði þá verið tilkynnt að hann væri handtekinn vegna gruns um ölvun við akstur. Hann hefði verið handjárnaður og hann sest mótþróaust inn í lögreglubifreiðina. Í bifreiðinni hefði ökumaðurinn byrjað að sparka í sætisbakið fyrir framan sig og æpa og öskra. Ásmundur hefði þá sest í aftursæti lögreglubifreiðarinnar til að koma í veg fyrir að ökumaðurinn skemmdi innréttingu lögreglubifreiðarinnar. Í lögreglubifreiðinni hefði fundist seðlaveski ökumannsins og þar verið skilríki sem gæfu til kynna að ökumaðurinn væri ákærði. Á lögreglustöð hefði læknir komið og dregið blóð úr ákærða.

II.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni UB-304 við Vatnagarða að kvöldi hins 31. ágúst 2006. Ákærði sagðist kannast við bifreiðina sem væri rauð Toyota bifreið. Ákærði kvaðst hafa neitt nokkurra áfengra drykkja þennan dag, en hann

hefði ekki verið við akstur heldur setið í farþegasæti, hægra megin við bílstjóra. Undir stýri hefði setið karlmaður að nafni Þór, sem ákærði kvaðst hafa hitt á bar. Ákærði kvaðst ekki hafa getað haft uppi á honum. Aðspurður, hvað hefði orðið um þennan Þór, sagði ákærði að Þór hefði farið út úr bílnum og komist undan. Þeir hefðu beygt fyrir horn og Þór hlaupið þaðan úr bifreiðinni. Ákærði sagðist ekki muna nafnið á barnum þar sem hann hitti Þór, en barinn væri í Skeifunni. Ákærði sagði að þegar lögreglan hefði komið hefði lögreglumadurinn seilst inn um gluggann, tekið sig kverkataki og dregið sig út úr bílnum. Lögreglan hefði ávarpað hann á íslensku en ákærði svarað á ensku. Lögreglumadurinn hefði verið reiður og sagt ákærða ljúga að sér. Farið hefði verið með ákærða á lögreglustöð, hann afklæddur, sleginn og niðurlægður. Gert hefði verið grín að stærð getnaðarlims ákærða. Ákærði kvaðst í framhaldinu hafa farið á spítala. Frænka hans hefði sótt hann á lögreglustöðina. Ákærði sagði að sá læknir eða geðlæknir sem hefði komið að málinu hefði talið að láta ætti ákærða lausan vegna ástands hans. Ákærði sagði að sér hefði verið hent inn í klefa og á gólf og haldið þar og hann marist. Tekið hefði verið úr honum blóð án þess að hann hefði verið beðinn um það, en ákærði hefði orðið við því ef eftir því hefði verið óskað. Ákærði sagðist ekki hafa séð lækni skoða sig á lögreglustöðinni. Andlit sitt hefði verið í gólfinu og lögreglan haldið honum föstum. Ákærði kvaðst vera með tvö ör á enninu. Hann hefði verið nakinn og í handjárnnum. Aðspurður vissi ákærði ekki hvort læknir hefði verið viðstaddur. Hann hefði eingöngu fundið fyrir því er hann var stunginn í upphandlegg hægra megin. Ákærði kvaðst hafa verið með mikið mar á hægri handlegg. Handjárnin hefðu verið svo þétt á honum að hann hefði ekki haft tilfinningu í vísifingrum í tvo mánuði á eftir. Tvö ör væru á enni eftir að lögregla hefði haldið andliti hans í gólfinu með fætinum. Ákærði kvaðst hafa fengið opið sár á enni og fengið heilahristing. Þrjár myndir hefðu verið teknar af honum á lögreglustöðinni að hans eigin ósk vegna áverka sem hann hefði orðið fyrir. Ákærði sagðist hafa drukkið tvo bjóra og tvo snafsa þetta kvöld.

Vitnið, Niels Páll Dungal lögreglumadur, skýrði svo frá að hann hefði verið ásamt öðrum lögreglumanni á bifreið og ákveðið að hafa afskipti af rauðri Toyota Yaris bifreið við Vatnagarða vegna aksturslags. Bifreiðin hefði verið stöðvuð og ökumadur látinn blása. Það hefði verið ófullnægjandi en ökumadur samt verið yfir mörkum. Vitnið sagði að ökumadur hefði verið einn í bifreiðinni og útilokað væri að annar maður hefði verið í bifreiðinni. Þeir hefðu séð inn í bifreiðina og ökumadur verið einsamall. Vitnið sagðist hafa séð bifreiðina stöðva. Ákærði hefði verið í öikumannssæti og stigið öikumannsmegin út úr bifreiðinni. Ákærði hefði verið handjárnadur eftir að hafa blásið og honum verið kynnt réttarstaða sín. Öll samskipti hefðu farið fram á ensku. Þegar ákærði hefði verið kominn í lögreglubifreiðina hefði hann ærst og annar lögreglumadur verið aftur í með honum. Vitnið sagði að bifreiðin hefði verið í auglýsing lögreglumanna allan tímann. Vitnið kvaðst ekki geta séð hvernig lýsing ákærða, á því að hafa ekið fyrir horn og ökumadur síðan yfirgefið bifreiðina, gæti átt sér stað. Vitnið sagði að ákærði hefði verið handjárnadur þar sem hann hefði verið líklegur til að æsa sig. Slíkt væru vinnureglur hjá lögreglunni. Áfengislykt hefði verið af ákærða, hann hefði þvoglumæltur og látið sem hann ætti erfitt með gang. Lögregluþjónarnir hefðu hálfpartinn þurft að bera hann. Ákærði hefði verið færður á lögreglustöð en verið áfram með læti og ekki verið viðræðuhæfur. Farið hefði verið með ákærða í fangaklefa. Vitninu kvaðst síðan hafa verið sagt að ákærði hefði reynt að kyrkja sig og hann því verið færður úr öllum fötunum svo hann myndi ekki skaða sjálfan sig. Vitnið kvaðst síðan hafa gengið fram hjá klefanum og ákærði þá verið að skalla í

vegginn. Ákærða hefði því verið haldið með valdi þar til læknir kom og dró úr honum blóð. Vitnið sagði það rangt að lögreglan hefði veitt ákærða áverka. Ákærði hefði m.a. haldið þessu fram á meðan hann skallaði vegginn í klefanum. Vitnið sagði að höfði ákærða hefði verið haldið við gólfið þar sem ákærði hefði reynt að skalla gólfið. Aðspurður sagðist vitnið kannast við að a.m.k. ein mynd hefði verið tekin af ákærða að beiðni hans á lögreglustöðinni. Vitnið gat ekki svarað því hvar hún væri, þó líklega á lögreglustöðinni. Vitnið sagðist muna eftir að ákærði hefði verið með áverka: Skurð og kúlu á enni. Nánar um staðsetningu bifreiða ákærða sagði vitnið að líklega hefðu verið um 30-50 metrar í hana þegar lögreglan sá hana. Það hefði verið við Holtagarða, en ákærði hefði ekið í vesturátt. Ákærða hefði verið veit eftirför vestur Vatnagarða og líklega hefði ákærði beygt til hægri Sægarða eða Kleppsgarða. Þetta hefði verið norðan við Sæbraut.

Vitnið, Ásmundur Jónsson lögreglumaður, greindi frá því að hann hefði verið á eftirlitsferð ásamt Nielsi á leið vestur Vatnagarða. Þeir hefðu veitt athygli rauðum Toyota Yaris, sem hefði verið ekið af ákærða. Þeir hefðu séð bifreiðina til móts við gamla Ikea. Ákærði hefði ekið vestur Vatnagarða. Þeir hefðu ekið á eftir honum og gefið stöðvunarmerki til að kanna ástand og réttindi ökumanns. Bifreiðin hefði stöðvað við gatnamót Vatnagarða og Sægarða. Vitnið kvaðst hafa farið út úr bifreiðinni og gengið að ökumanninum sem hefði verið einn í bílnum. Vitnið sagði að ökumaðurinn hefði virst í annarlegu ástandi. Ökumaðurinn hefði verið beðinn að stíga úr bílnum og þegar hann hefði gert það hefði vitnið fundið af honum áfengisþef. Vitnið kvaðst hafa gefið Nielsi merki um að koma með öndunarprófsmæli sem hann hafi gert. Aðspurður sagði vitnið að einn maður hefði verið í bifreiðinni þar sem henni var ekið og lögreglan fylgdi á eftir. Vitnið sagði að þeir hefðu aldrei misst sjónar af bifreiðinni og þegar hún hefði stöðvað hafi vitnið gengið beint að henni. Aðeins einn maður hefði verið þar, sem væri ákærði. Rangt væri að bifreiðinni hefði verið ekið fyrir horn. Lögreglan hefði haft auga á bifreiðinni allan tímann. Vitnið sagði ákærða hafa verið í annarlegu ástandi. Öndunarpróf hefði gefið til kynna að ákærði væri yfir viðmiðunarmörkum og hefði hann því verið handtekinn og færður í handjárn við bifreiðina. Nánar aðspurður sagði vitnið að útilokað væri að annar maður hefði verið í bifreiðinni. Þeir hefðu aldrei misst sjónar af henni. Ákærði hefði verið ökumaður og einn í bifreiðinni. Aðspurður, hvort ákærða hefði verið kippt út úr bifreiðinni, sagði vitnið að hann hefði óskað eftir því við ákærða að hann stigi út úr bifreiðinni og hefði ákærði orðið við því. Ákærði hefði verið handjárnaður eftir öndunarpróf þar sem ástand hans hefði verið metið þannig. Ákærði hefði verið fluttur á lögreglustöðina, leiddur fyrir varðstjóra og síðan færður í fangaklefa. Vitnið kvaðst hafa fylgt ákærða þangað. Vitnið vissi ekki til þess að nokkuð hefði gerst í fangaklefanum. Ákærði hefði hins vegar verið mjög æstur í lögreglubifreiðinni á leið á lögreglustöðina, sem og þegar þangað hafi verið komið. Vitnið sagði varðstjóra hafa ákveðið að færa ákærða úr fötunum eftir að hann hefði verið færður í fangaklefanum. Það hefði verið gert þar sem varðstjóri mat það svo að ákærði væri hættulegur sjálfum sér og hefði reynt að skaða sjálfan sig. Vitnið kvaðst þó ekki hafa séð það, en heyrt um það. Vitnið mundi ekki hvort hann hefði verið viðstaddur þegar ákærði var klæddur úr fötunum, en hann var viðstaddur þegar blóðsýni var tekið úr ákærða. Ákærði hefði streist mjög á móti og verið ósamvinnuþýður. Þurft hafi að taka ákærða tókum til að taka úr honum blóðsýni. Vitnið sagðist halda að eftir það hefði verið haft samband við aðstandanda ákærða sem hefði komið og sótt hann. Aðspurður mundi vitnið ekki hvort ákærði hefði óskað eftir því að tekin yrði mynd af honum á lögreglustöðinni. Þá sagði vitnið það rangt að lögregla hefði beitt ákærða ofbeldi.

III.

Ákærði hefur neitað sök. Framburður hans fyrir dómi er nokkuð frábrugðinn skýrslu hans hjá lögreglu. Hjá lögreglu viðurkenndi hann ekki að hafa verið undir áhrifum áfengis, en kvaðst lítið muna vegna lyfjaáhrifa og höfuðáverka sem hann hefði hlotið í vörslu lögreglunnar. Fyrir dómi greindi hann hins vegar frá því að hann hefði setið í farþegasæti en maður að nafni Þór, sem hann hefði hitt á bar sem hann gat ekki tilgreint en væri í Skeifunni, hefði ekið bifreiðinni. Er bifreiðin hefði farið fyrir horn hefði Þór hlaupið úr bifreiðinni. Fyrir dómi viðurkenndi ákærði að hafa neitt áfengis. Ákærði kveðst hafa orðið fyrir ofbeldi af hálfu lögreglu.

Tveir lögreglumenn hafa borið með sama hætti að ákærði hafi verið stöðvaður við akstur. Hann hafi verið ökumaður bifreiðarinnar og enginn annar verið í bifreiðinni. Bifreiðin hafi verið í augsýn þeirra allan tímann og útilokað að annar maður hafi verið í henni og hlaupið á brott. Þá hafa þeir vitnað um sérkennilega og sjálfskaðandi hegðun ákærða eftir að hann var handtekinn. Neita þeir því að ákærði hafi verið beittur ofbeldi.

Meint harðræði lögreglu er óviðkomandi máli þessu og verður engin afstaða tekin til þeirra ásakana ákærða. Þegar lítið er til misræmis í frásögn ákærða, sem er til þess fallið draga úr trúverðugleika hans, og samhljóma vitnisburðar tveggja lögreglumanna er sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi ekið umræddri bifreið. Samkvæmt niðurstöðum úr alkóhólrannsókn var magn áfengis í blóði ákærða 1,52%. Ákærði hefur því gerst sekur um akstur undir áhrifum áfengis og varðar brot hans við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með áorðnum breytingum.

Ákæra dagsett 20. febrúar 2007. Gripdeild.

I.

Hinn 6. september 2006 voru lögreglumenn sendir að versluninni Intersport að Bíldshöfða, þar sem manni væri haldið af starfsmönnum vegna þjófnaðar. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu, sem staðfest var fyrir dómi, var lögreglumönnum vísað inn í herbergi, bakatil í versluninni. Þar hefði ákærði verið ásamt starfsmönnum Intersport sem sögðu að ákærði hefði stolið fatnaði úr búðinni. Þeir hefðu veitt ákærða eftirför og náð honum vestan við hús verslunarinnar. Töldu starfsmenn að ákærði hefði ekki verið einn að verki þar sem stúlka á þrítugsaldri hefði verið með honum. Hún hefði komist undan á hlaupum en misst tösku sem hún var með. Stúlkann hefði sést á hlaupum í bryggjuhverfinu og lögreglubifreið verið send til að hafa uppi á stúlkunni en án árangurs. Ákærði hefði samþykkt að gerð yrði leit á honum. Við leit hefði komið í ljós að ákærði var klæddur í buxur og peysu undir fötum sínum. Fötin hefðu verið ný en búið að klippa merki af þeim. Ákærði hefði haft hníf meðferðis og hald verið lagt á hann. Í tösku sem hefði náðst af stúlkunni hefðu einnig verið flikur ásamt töng til að klippa af merki. Sterka

áfengislykt hefði lagt af ákærða en hann hefði sagst hafa drukkið einn bjór um morguninn og annan í hádeginu. Ákærði kvaðst eiga fötin sem hann var í undir. Þau hefði hann keypt í Intersport í Smáranum viku áður. Buxurnar hefðu kostað 11.000 kr., en peysan verið dýrari. Hann kannaðist ekki við töngina í töskunni eða stúlkuna sem hefði komist undan á hlaupum. Hann kvaðst hafa hitt hana í rúllustiganum á leið inn í verslunina. Ákærði kvaðst hafa orðið fyrir árás af hálfu starfsmanna. Ákærði hefði veitt þeim mótsþyrnu þar sem hann hafi ekki skilið þá. Hann skilji ekki íslensku og hafi talið sig vera að verja sig. Rætt var við Eggert Sæmundsson, starfsmann Intersport, sem kvaðst hafa horft á ákærða fara með fatnað inn í mátunarklefa og fundist athugavert að hann hefði ekki komið með fötin aftur út en farið rakleiðis út. Á leiðinni hefði komið til hans stúlka og verið honum samferða. Kvaðst Eggert þá hafa farið til Óla aðstoðarverslunarstjóra og veitt ákærða og stúlkunni eftirför. Hefðu þau reynt að flýja og farið í sitt hvora áttina. Þegar ákærði hefði verið kominn vestur fyrir hús verslunarinnar hafi starfsmönnum tekist að stöðva för hans og þurft að hafa mikið fyrir því þar sem ákærði hefði barist á móti. Ákærði hefði í kjölfarið verið færður inn í verslunina og haldið þar til lögregla kom. Arnar Friðriksson, starfsmaður Intersport, kvaðst hafa náð til stúlkunnar á hlaupum en hún hafi þá klórað hann og reynt að bíta. Hann hefði því misst tók á henni og henni tekist að flýja. Hún hefði hins vegar misst tösku sem hún var með. Taskan hafi verið afhent lögreglunni. Á myndbandi úr öryggismyndavél sjáist ákærði koma ásamt stúlkunni inn í verslunina og jafnframt yfirgefa verslunina ásamt stúlkunni. Í frumskýrslu kemur fram að fatnaður sá er ákærða var gefið að sök að hafa stolið var skilinn eftir í versluninni og hefði ákærði enga athugasemd gert við það þrátt fyrir að segjast hafa keypt fötin sjálfur. Um nýjan fatnað hafi verið að ræða sem hefði verið settur í sölu tveimur dögum áður. Þá segir að engir sjáanlegir áverkar hefðu verið á ákærða sem renni stöðum undir það að hann hefði orðið fyrir árás af hálfu starfsmanna. Ákærða hafi verið vísað út úr verslun Intersport eftir að hald var lagt á fatnaðinn sem auðsjáanlega hefði verið nýr. Fram kemur að verðmæti fatnaðar í töskunni hafi verið samtals 51.620 kr. Verðmæti fatnaðar sem ákærði hefði verið klæddur í hafi verið samtals 16.880 kr., þ.e. 5.690 kr. buxur og 10.990 kr. peysa.

II.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði kvaðst hafa verið í versluninni Intersport umrætt sinn. Hann hefði komið í verslunina og rætt þar við konu sem lögreglu hafi ekki tekist að hafa uppá. Hann hefði ekki þekkt hana en heilsað henni. Ákærði kvaðst hafa verið að máta æfingagalla en hann hefði áður keypt alveg eins galla. Hann hefði farið í mátunarklefa, prófað flíkina og farið út aftur. Ákærði sagðist hafa hengt flíkurnar upp í mátunarklefanum og gengið út. Þá hefðu komið nokkrir karlmenn að honum og farið með hann aftur í verslunina og skoðað fatnað hans. Þeir hefðu sagt ákærða hafa stolið öllu sem hann væri klæddur í. Engin merki hefðu verið á fötunum. Mennirnir hefðu klætt ákærða úr ysta fatalagi, en ákærði kvaðst yfirleitt vera í nokkrum flíkum í einu þar sem hann kæmi frá eyðimerkursvæði. Ákærði kvaðst ekki kannast við að hafa verið með öðrum í versluninni. Nánar um klæðnað sinn kvaðst hann hafa verið í tveimur flíkum að ofan og neðan. Innri flík hefði verið brún æfingapeysa og sá ytri svartur æfingagalli. Aðspurður sagðist ákærði hafa verið að máta galla, þrátt fyrir að hafa skömmu áður keypt sér slíkan, þar sem sá fyrri hefði verið of lítill og þröngur, og hann því leitað að stærri galla. Hann hefði

Þvegið gallann í of heitu vatni og hann hlaupið.

Vitnið, Jósef Ægir Stefánsson, skýrði svo frá að hann hefði verið á lögreglubifreið og verið kallaður vegna gripdeildar í versluninni Intersport, Bildshöfða. Þar hefði verið búið að handtaka þjóf. Vitnið kvað hann og féлага sinn hafa verið leidda að hinum meinta þjóf þegar þangað var komið. Honum hefði verið haldið þar inni í herbergi. Rætt hefði verið við búðareigendur og vitni. Vitnið sagði að ákærði hefði ekki sýnt nein sérstök viðbrögð. Vitnið sagðist hafa fylgst með þegar ákærði var tekinn úr fötunum sem honum var gefið að sök að stela. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt að hann hefði séð verðmiða á fötunum. Vitnið sagði að ákærði hefði verið klæddur í nokkrar flíkur. Vitnið kvaðst ekki hafa rætt sjálfur við ákærða. Félagi hans, Brynjar Stefánsson, hefði gert það. Vitnið sagði að fundist hefði taska sem sögð var í eigu einhverrar konu sem ekki hefði náðst. Aðspurður um klæðnað ákærða sagði vitnið að ákærði hefði verið í eigin fötum utan yfir þeim fötum sem hann væri sakaður um að hafa stolið. Fyrir dómi kannaðist vitnið við ákærða sem þann sem höfð voru afskipti af í versluninni Intersport. Vitnið sagði að áfengislykt hefði verið af ákærða umrætt sinn.

Vitnið, Brynjar Stefánsson lögreglumaður, greindi svo frá að óskað hefði verið eftir lögregluaðstoð í versluninni Intersport umrætt sinn. Þegar komið hafi verið á vettvang hefðu starfsmenn verslunarinnar haft hinn grunaða inni í herbergi. Sá grunaði hefði verið í öðrum fötum undir sínum eigin. Um hafi verið að ræða dökk íþróttaföt. Hefði ákærði sagst hafa keypt þau áður í annarri búð, líklega versluninni Intersport í Smáralind. Vitnið mundi ekki eftir að hafa séð verðmiða á fötunum. Líklega hefði verið um að ræða buxur og peysu.

Vitnið, Eggert Bjarni Samúelsson, sölumaður hjá Intersport, skýrði svo frá að hann hefði séð ákærða ganga inn í mátunarklefa. Ákærði hefði verið með sólgleraugu og húfu innan dyra. Hann hefði verið vandræðalegur að sjá. Vitnið sagði að ákærði hefði ekki komið með nein föt út úr mátunarklefanum, en hann hefði gengið með föt fram hjá vitninu inn í klefann. Vitnið sagðist hafa séð ákærða fara í tvennar buxur sem hann hefði ekki farið úr aftur. Ákærði hefði einnig farið í peysu. Vitnið sagði ákærða hafa verið í fylgd með stúlku. Þau hefðu hlaupið út en afgreiðslumenn elt þau. Vitnið kvaðst hafa elt ákærða og náð honum fyrir framan veitingastaðinn Hamborgarabúlluna. Ákærði hefði ekki brugðist vel við. Vitnið sagði að einhverjir verðmiðar og þjófamerki hefðu verið klippt í burtu. Vitnið kvað hinn meinta stolna klæðnað hafa verið sambærilegan við fatnað sem var til sölu í versluninni. Um hafi verið að ræða Puma peysu og ljósgráar buxur að því er vitnið minnti. Aðspurður kvaðst vitnið ekki muna hvaða skýringar ákærði hefði gefið þar sem nokkuð væri um liðið. Aðspurður, hvernig vitnið vissi að ákærði klæddi sig í buxur og peysu, kvaðst vitnið hafa séð inn í mátunarklefanum, þar sem bil væri undir hurð þannig að hægt væri að sjá niður fyrir hana. Vitnið kvaðst hafa staðið um þrjátíu metra í burtu og séð ákærða fara í tvennar buxur og peysu. Vitnið sagði að hægt væri að sjá hvort farið væri í og úr fötum í mátunarklefanum. Vitnið sagði ákærða hafa verið í fylgd með stúlku en hún hafi hlaupið í burtu. Sjá mætti af myndavélum að þau hefðu komið saman inn í búðina og verið saman inni í búðinni. Aðspurður kvaðst vitnið ekki vita hvað hafi orðið um verðmiðana á fötunum. Líklega hefði ákærði hent þeim en vitnið kvaðst ekki hafa séð það. Vitnið sagðist hafa fylgst með ákærða allan tímann.

Vitnið, Ólafur Óskar Ólafsson, aðstoðarverslunarstjóri verslunarinnar Intersport, skýrði svo frá að hann hefði verið staddur í búðinni á sama tíma og ákærði var þar. Farið hafi verið á eftir ákærða þegar hann fór út úr búðinni þar sem hann hefði verið grunaður um þjófnað. Vitnið sagði að starfsmenn hefðu náð ákærða fyrir utan og erfitt reynst að ná honum inn. Vitnið sagðist ekki hafa verið á skrifstofunni ásamt ákærða, þegar komið hefði í ljós að hann væri í öðrum fötum undir, þar sem vitnið hefði leitað að stúlku sem talið var að hefði verið með ákærða. Aðspurður sagðist vitnið ekki hafa séð ákærða fara í mátunarklefan. Hins vegar hefði vitnið séð hann koma út og þá verið farið að fylgjast með honum. Vitnið sagði að fötin sem hefðu fundist væru úr búðinni. Um hafi verið að ræða grúa Puma peysu og buxur. Vitnið taldi að verðmiðinn hefði fundist á þessum fatnaði. Vitnið kvaðst hafa það eftir Ásgeiri verslunarstjóra. Vitnið hefði sjálfur ekki séð neina verðmerkingu á fötunum. Fyrir dómi bar vitnið kennsl á ákærða sem þann sem var í versluninni umrætt sinni. Vitnið sagði að ákærði hefði brugðist illa við. Hann hefði neitað að koma aftur inn í búðina og einhver átök þurft til þess. Vitnið sagði að ákærði hefði tekið á sprett út úr búðinni þegar honum hefði verið ljóst að fylgst væri með honum. Aðspurður gat vitnið ekki geta fullyrt hvort hann hefði séð ákærða í þeim fötum sem hann hefði verið sakaður um að stela úr búðinni. Vitnið sagði að sér hefði verið sagt að ákærði hefði klætt sig í þessi föt innan undir önnur. Vitnið sagði verslunina Intersport vera þá einu sem væru að selja þessar peysur. Aðspurður sagðist vitnið ekki geta útilokað að ákærði gæti hafa keypt þennan fatnað áður.

III.

Ákærði neitar sök. Hann kveðst hafa verið í versluninni og mátað æfingagalla sem væri alveg eins og galli sem hann hefði áður keypt. Sá galli hefði hlaupið í þvotti og hann því verið að leita að stærri galla. Eins og fram hefur komið var ákærði eltur af starfsfólki, er hann fór út úr versluninni, og var handsamaður. Í ljós kom að ákærði var í tvöföldum klæðnaði. Hann hefur gefið þá skýringu að hann klæði sig yfirleitt í nokkrar flíkur í einu þar sem hann komi frá eyðimerkursvæði. Hvað sem líður þessari frásögn ákærða, sem hefur með sér nokkurn ólíkindablæ, verður ekki fram hjá því litið að ákærði kveðst hafa hengt upp föt sem hann mátaði í búningasklefanum og svo farið út úr versluninni. Ekkert hefur komið fram sem vefengir þann framburð ákærða. Þá verður að líta til þess að engir verðmiðar eða þjófavörn fundust á fötum ákærða. Í ljósi þessa verður ákærði sýknaður af háttsemi samkvæmt ákæru frá 20. febrúar 2007, sbr. 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Refsing og sakarkostnaður.

-

Ákærði er fæddur í mars 1971. Samkvæmt sakavottorði hans var hann hinn 24. apríl 2006 dæmdur til greiðslu 55.000 kr. sektar fyrir brot gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt til ríkissjóð og komi 14 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Þá verður ákærði með vísan til 101. og 102. gr. umferðarlaga, með áorðnum breytingum, sviptur ökurétti. Með hliðsjón af því að ákærði hefur áður gerst sekur um brot gegn 45. gr. umferðarlaga og að teknu tilliti til vínandamagns í blóði hans, sem var 1,52%, verður ákærði sviptur ökurétti í þrjú og hálf ár frá birtingu dómsins að telja.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins og vísan til 2. másl. 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, verður ákærði dæmdur til að greiða hluta sakarkostnaðar. Þóknun verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hrl., þykir hæfilega ákveðin, með hliðsjón af þrískiptri aðalmeðferð, 258.960 kr., að virðisaukaskatti meðtöldum. Verður ákærða gert að greiða helming þeirrar þóknunar, en að öðru leyti verði hún felld á ríkissjóð. Ákærði verður dæmdur til að greiða að fullu annan sakarkostnað málsins sem er samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti samtals 23.892 kr. vegna blóðtöku og alkóhólrannsóknar. Samkvæmt þessu verður ákærði dæmdur til að greiða 153.372 kr. í sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Einar Laxness, fulltrúi lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir, settur héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Ragnar Másson, greiði 200.000 króna sekt í ríkissjóð og komi 14 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði er sviptur ökurétti í þrjú og hálf ár frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði 153.372 krónur í sakarkostnað, þar með talinn helming af 258.960 króna þóknun skipaðs verjanda hans, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, sem að öðru leyti greiðist úr ríkissjóði.

Sandra Baldvinsdóttir

